

JOTAMASTIC 87 CC - Aluminium

Jotamastic 87 CC Aluminium er tvíþátta, slitsterk, epoxybundin grunn- og yfirmálning, með hátt hlutfall þurr-efnis og gefur kost á mikilli filmuþykkt í umferð. Er hægt að nota eina sér þar sem gljáheldni er ekki mikilvæg eða með ýms- um gerðum af grunnum og yfirmálningu. Veitir frábæra tæringarvörn í söltu og ósöltu vatni. Sólarljós mattar yfirborðið.



Hentar þar sem hámarks undirbúningur næst ekki. Á handhreinsað eða sandblásið stál. Hentar einnig á stein og binst vel við flestar gerðir af gamalli málningu.

Litir: Álgrár **Þurrefni (% af rúmmáli):** 70 ± 2 **Blossamark:** 31°C **Áferð:** Hálf-mött **Gljáheldni:** Viðunandi **Sveigjuþol:** Gott **Vatnsþol:** Mjög gott **Slitþol:** Mjög gott **Leysiefnaþol:** Gott **Efnaþol:** Mjög gott

Efnisnotkun:

Filmuþykkt í umferð - mikron

	Þurr	Blaut
Möguleg:	150 - 250	215 - 360
Dæmigerð:	200	290

Reiknuð þekja - m²/l

Möguleg: 4,7 - 2,8

Dæmigerð: 3,5

Hreinsun með handverkfærum í lágmark St 2 (ISO 8501-1:1988 / SS 05 5900). Vandaður undirbúningur eykur endingu. Þegar málað er yfir gamla málningu, skal flöturinn vera þurr og laus við óhreinindi.

Áhöld: Háþrýstisprauta, pensill fyrir minni verk.

Blöndun herðis (rúmmál): 3,7 hl.A (stofn) á móti 1 hl.B, blandist 10 mín. fyrir notkun.

Þynnir/Hreinsun áhalda:

Epoxyþynnir, (Jotun þynnir Nr. 17)

Notatími (við 23°C): 1 klst (lengist eftir því sem hitastigið lækkar)

Háþrýstisprauta, leiðbeiningar:

Þrýstingur við spíss: 15 MPa (150 Bar, 2100 psi.)

Spíss: 0,021" -- 0,031" (0,58 -- 0,79 mm)

Spurutugeisli: 65 -- 80°

Sigti: Athugið að sigti séu hrein.

Flöturinn sem mála á, skal vera minnst -5°C og lágmark 3°C yfir daggarmörkum loftsins. Daggarmörk skal meta við undirlagið. Þegar málað er í þröngu loftlitlu rými er góð loftræsting nauðsynleg. Notið ekki heitan loftblástur fyrr en leysi-efni hafa gufað úr málningarfilmunni, til að koma í veg fyrir innilokun þeirra. Hlífa skal Jotamastic 87 þar til filman er fullhörðnuð.

Þurrktími er almennt háður hreyfingu loftsins, hitastigi, filmuþykkt og fjölda málningarumferða. Tölurnar í töflunni miðast við:

- Góða loftræstingu (utanhúss eða eðlilega lofthreyfingu).
- Ráðlagða filmuþykkt.
- Eina umferð á óvirkt undirlag.



Hitastig undirl.	- 5 °C	0 °C	5 °C	10 °C	23 °C
Snertipurr	24 klst.	18 klst.	12 klst.	6 klst.	2,5 klst.
Gegnumþurr	48 klst.	26 klst.	18 klst.	12 klst.	5 klst.
Fullhärðnað	21 d.	14 d.	7 d.	3 d.2 d.	

Yfirmálunartími

Lágmark	48 klst.	26 klst.	18 klst.	12 klst.	5 klst.
Hámark¹	---	---	---	---	---

¹ Með því skilyrði að flöturinn hafi ekki mattast af völdum veðrunar og sé laus við öll óhreinindi þá er almennt ekki um hámark á yfirmálunartíma að ræða. Besta viðloðun milli umferða fæst samt sem áður þegar seinni umferðin er máluð áður en sú fyrri er fullhörðnuð. Ef sól hefur skinið beint á málninguna um skeið þá verður að gæta vel að hreinsun og matta/ fjarlægja ysta yfirborð málningarinnar til að ná góðri viðloðun. Lita verður á tölurnar í töflunni hér að ofan sem leiðbeinandi. Raunverulegur yfirmálunartími getur verið lengri eða skemmri, háður málningunni sem fyrir er, filmuþykkt, málningarkerfinu sem var valið, fjölda umferða, loftræstingu, hitastigi, kröfum um meðhöndlun hlutanna og styrk filmunnar á fyrstu stigum o. fl.